



Borgarráð Reykjavíkur
Einar Þorsteinsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 21. ágúst 2024
Málsnr. 2003010
PBG/HH

Efni: Uppfærsla Samgöngusáttmálans

Á 582. fundi stjórnar SSH sem fram fór hinn 21. ágúst 2024 var uppfærsla Samgöngusáttmálans til umræðu og eftirfarandi fært til bókar vegna málsins:

Samgöngusáttmálinn - uppfærsla - 2003010

Fyrirliggjandi eru:

- Viðauki við Samgöngusáttmálann ásamt framkvæmda- og fjárvstreymisáætlun sem er fylgiskjal viðaukans
- Samkomulag um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veggald
- Yfirlýsing með viðauka um uppfærslu Samgöngusáttmála

Undirskrift framangreindra gagna, af hálfu ríkisins og sveitarfélaganna, er fyrirhuguð kl. 13:00 í dag, 21. ágúst 2024 og mun undirritun vera gerð með fyrirvara um samþykki.

Niðurstaða fundar

Stjórn SSH samþykkir að vísa framangreindum skjölum, sbr. staflíði 1 til 3, til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna að undirskrift lokinni.

Kynningarfundur var haldinn fyrir kjörna fulltrúa um framangreint hinn 20. ágúst 2024, en jafnframt skal erindinu fylgt eftir með kynningum fyrir borgar- og bæjarráðum eftir því sem óskad er.


Eru framangreind skjöl, sem eru meðfylgjandi, því lögð fram til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins.

Beiðni um afgreiðslu:

Er samkvæmt framansögðu farið fram á að ofangreint verði tekið til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins. Þá er bent á að yfirgripsmikil gögn er varða uppfærslu Samgöngusáttmálans er að finna á slóðinni www.samgongusattmali.is auk þess sem kynningarglærur eru meðfylgjandi.

Upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélagsins berist í netfangið ssh@ssh.is.

Beiðnir um frekari upplýsingar og kynningu á ofangreindu berist í netfangið hildigunnur@ssh.is.


Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

- Viðauki við Samgöngusáttmálann ásamt framkvæmda- og fjárvstreymisáætlun sem er fylgiskjal viðaukans
- Samkomulag um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veggald
- Yfirlýsing með viðauka um uppfærslu Samgöngusáttmála
- Glærur frá kynningarfundi sem fram fór 20. ágúst 2024